

7. júlí 1982.

695

Nr. 416.

REGLUR

um hreindýraveiðar árið 1982.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 805 hreindýr í Norður-Pingeyjarsýslu, Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 20. september árið 1982. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptast þannig milli eftirgreindra hreppa:

	6 hreindýr
1. Fjallahreppur	4 —
2. Skeggjastaðahreppur	20 —
3. Vopnafjarðahreppur	55 —
4. Fljótisdalshreppur	75 —
5. Jökuldalshreppur	36 —
6. Fellahreppur	36 —
7. Tunguhreppur	15 —
8. Hlíðahreppur	15 —
9. Hjaltastaðahreppur	70 —
10. Borgarfjarðahreppur	6 —
11. Seyðisfjarðahreppur	6 —
12. Seyðisfjörður	40 —
13. Skriðdalshreppur	45 —
14. Vallahreppur	20 —
15. Egilsstaðahreppur	22 —
16. Eiðahreppur	35 —
17. Mjóafjarðahreppur	55 —
18. Norðfjarðahreppur	40 —
19. Helgustaðahreppur	20 —
20. Eskifjörður	25 —
21. Reyðarfjarðahreppur	13 —
22. Fáskrúðsfjarðahreppur	13 —
23. Búðahreppur	13 —
24. Stöðvarhreppur	28 —
25. Breiðdalshreppur	20 —
26. Beruneshreppur	12 —
27. Búlandshreppur	22 —
28. Geithellnahreppur	16 —
29. Bæjarhreppur	

30. Nesjahreppur	16 hreindýr
31. Hafnarhreppur	6 —
805 hreindýr	

3. gr.

Auk þeirra hreindýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót ef henta þykir, m.a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr ekki til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra, sbr. 2. gr., greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitar-sjóðs en hver hreppsnefnd (bæjarstjórn) skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa og kaupstaða sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður sem ráðinn er fyrir Fljótisdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra sem til þess hafa næga skettimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæla þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagenjist heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um að veidd séu þau dýr sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á að skv. lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954 um breyting á lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varða sektum samkvæmt lögum nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 346/1981 um hreindýraveiðar árið 1981.

Menntamálaráðuneytið, 7. júlí 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

12. júlí 1982.

Nr. 417.

REGLUGERÐ

um bókhald

I. KAFLI

Um notkun lausra korta, blaða og annarra hjálpargagna.

1. gr.

Bókhaldsskyldum aðilum er heimilt að nota laus kort, blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna bóka skv. 5. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald, sbr. lög nr. 47/1978 um breyting á þeim lögum. Þetta er þó því skilyrði bundið, að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Þó skulu sjóðbók og efnahagsbók vera fyrir fram innbundnar eða heftar og tölusettar, sbr. þó 15. gr. þessarar reglugerðar.

Bókhaldsskyldum aðilum, sem notfæra sér þessa heimild við bókhaldið, þ. á m. notkun skýrsluvéla, ber að uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

1. Bókhaldið sé fyrir fram skipulagt og fyrir liggi skrifleg lýsing á því, þar á meðal reikningaskrá, flokkun færslugagna og dagbóka, lýsing á úrvinnslu gagna og gerð reikningsskila.
2. Hver bókhaldsreikningur, kort eða blað, skal vera auðkenndur með nafni og númeri eða öðru auðkenni í samræmi við reikningaskrá.
3. Við hverja færslu komi a. m. k. fram dagsetning, tilvísun til færslugagna, reikningsnúmer eða auðkenni og fjárhæð. Þar sem notuð er örugg jafnaðarprófun við innfærslu á bókhaldsreikninga, þarf ekki að tilgreina reikningsnúmer á sjálfum bókhaldsreikningunum, en þau skal í þess stað tilgreina í dagbókinni.
4. Hver bókhaldsreikningur skal notaður fyrir aðeins eitt reikningsár. Þar sem færðir eru samdráttar- eða aðalbókarreikningar fyrir eigna- og skuldaliði, t. d. viðskiptamenn, er þó heimilt að nota undirreikninga þeirra fyrir fleiri en eitt reikningsár, enda séu samdráttarreikningar færðir eigi sjaldnar en mánaðarlega. Þeir skulu stemmdir af við undirreikninga eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
5. Færa skal dagbók, sem sé samrit færslna á bókhaldsreikninga, og skulu þar koma fram a. m. k. sömu upplýsingar og kráfst er á reikningunum, þannig að ávallt megi rekja hverja færslu í dagbók inn á einstaka bókhaldsreikninga. Dagbókarblöðin skal tölusetja í samfelldri töluröð, þeim skal raðað jafnóðum í töluröð og þau innbundin, heft eða á annan hátt fest í geymslubindi.
6. Að jafnaði skal heildarfjárhæð fylgiskjala liggja fyrir, áður en innfærsla þeirra hefst, þannig að unnt sé að sannreyna niðurstöður færslna að þeim loknum.
7. Ætíð skal vera hægt að rekja niðurstöður bókhaldsins eða einstakar færslur þess til þeirra frumgagna, sem fært er eftir.